

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 1050/2008 um úthlutun afgreiðslutíma flugvalla.

1. gr.

Á eftir 12. gr. reglugerðarinnar bætist við ný grein, 12. gr. a., er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 12. gr. skulu samræmingarstjórar samþykka að flugrekendur eigi rétt á úthlutun sömu raðar afgreiðslutíma fyrir áætlunartímabil sumarsins 2010 og þeim var úthlutað í upphafi áætlunartímabils sumarsins 2009, í samræmi við reglugerð þessa.

2. gr.

17. gr. reglugerðarinnar ásamt fyrirsögn orðast svo:

*Innleiðing gerða.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi eftifarandi reglugerðir ráðsins með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94, eins og hún birtist í sérútgáfu við EES-samninginn nr. 2, hluta 10A, bls. 361 og í EES-viðbæti nr. 17, 1994, bls. 1;
2. Reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (EB) nr. 793/2004 frá 21. apríl 2004 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2004, eins og hún birtist í EES-viðbæti nr. 31, 2007, bls. 119 og nr. 20, 2005, bls. 21;
3. Reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (EB) nr. 545/2009 frá 18. júní 2009 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum, en ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar hefur ekki verið birt en fylgir með reglugerðinni í viðauka I.

3. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 1. mgr. 57. gr. c, 3. mgr. 76. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 1. september 2009.*

**Kristján L. Möller.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## VIÐAUKI I

## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 545/2009

frá 18. júní 2009

## um breytingu á reglugerð (EBe) nr. 95/93 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum í Bandalaginu

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna (<sup>1</sup>),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans (<sup>2</sup>),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Alþjóðlega efnahags- og fjármálakreppan hefur alvarleg áhrif á starfsemi flugrekenda. Hún hefur leitt til þess að verulega hefur dregið úr flugumferð á áætlunartímabilinu fyrir veturni 2008/2009. Efnahagskreppan mun einnig hafa áhrif á áætlunartímabilið fyrir sumarið 2009.
- 2) Til að tryggja að ónýttir afgreiðslutímar, sem úthlutað var fyrir áætlunartímabilið fyrir sumarið 2009, leiði ekki til þess að flugrekendur missi rétt sinn til fyrrgreindra afgreiðslutíma er nauðsynlegt að tilgreina skýrt og ótvíraett að áhrifa efnahagskreppunnar gætir á þessu áætlunartímabili.
- 3) Framkvæmdastjórnin skal halda áfram að greina áhrif efnahagskreppunnar á loftflutninga. Ef efnahagsástandið heldur áfram að versna ádur en áætlunartímabilið fyrir veturni 2009/2010 hefst gæti framkvæmdastjórnin lagt

fram tillögu um að endurnýja fyrirkomulagið, sem er að finna í þessari reglugerð, fyrir áætlunartímabilið fyrir veturni 2010/2011. Áður en slík tillaga er lögð fram skal fara fram heildarmat á mögulegum áhrifum efnahagsástandsins á samkeppni og neytendur og skal hún einungis lögð fram ef hún er hluti af tillögu um almenna endurskoðun á reglugerð ráðsins (EBe) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á Bandalagsflugvöllum (<sup>3</sup>) til að gera úthlutun afgreiðslutíma skilvirkari og til að tryggja hámarksnytingu takmarkaðrar afkastagetu á flugvöllum þar sem flugumferð er mikil.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EBe) nr. 95/93 til samræmis við þetta, eins fljótt og auðið er. Þessi breyting hefur að engan hátt áhrif á heimildir framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar beitingu 81. og 82. gr. sáttmálans.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ PESSA:

*I. gr.*

Reglugerð (EBe) nr. 95/93 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 10. gr. a komi eftirfarandi:

*„10. gr. a*

Að því er varðar 2. mgr. 10. gr. skulu samræmingarstjórar samþykja að flugrekendur hafi rétt á þeim röðum afgreiðslutíma fyrir áætlunartímabilið fyrir sumarið 2010, sem þeir fengu úthlutað í upphafi áætlunartímabilsins fyrir sumarið 2009, í samræmi við þessa reglugerð.“

2. Ákvæði 10. gr. b falli brott.

(<sup>1</sup>) Álit frá 24. mars 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórmartiðindum ESB),  
 (<sup>2</sup>) Álit Evrópuþingsins frá 7. maí 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórmartiðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 8. júní 2009,

(<sup>3</sup>) Stjóri. EB L 14, 22.1.1993, bls. 1.

Nr. 840

1. september 2009

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júní 2009.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

H.-G. PÖTTERING

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

Š. FÜLE

*forseti.*

---

B-deild – Útgáfud.: 13. október 2009